

# Brexit: Íslenskir hagsmunir í forgrunni

Greining og samantekt út frá íslenskum hagsmunum



# Hvers vegna skiptir Brexit máli? Bretland er ein stærsta viðskiptapjórð Íslands og mikilvæg flutningsleið fyrir vörur til meginlands Evrópu.



Ísland þarf að semja um áframhaldandi markaðsaðgang ef viðræður Bretlands og ESB ná ekki til EES.

1



Miklir hagsmunir

- Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir íslenskt atvinnulíf.
- Bretland er einn mikilvægasti útflutningsmarkaður Íslendinga.

2

Hvaða sviðsmyndir standa Bretum til boða?	Meiri markaður ESB	Tækni EES	Samþykkið af ESB EES	Samþykkið af ESB EES	Annar
Vinnsla og vöðskipti	✓	✓	✓	✓	• Bætur á breytingum á EES-áttunum og vöðskiptum
Samráð	✗	✗	✗	✓	• Bætur á breytingum á EES-áttunum og vöðskiptum
Skil	✗	✗	✗	✓	• Bætur á breytingum á EES-áttunum og vöðskiptum
Önnar sviðsmyndir	✗	✗	✗	✗	• Bætur á breytingum á EES-áttunum og vöðskiptum

Margar sviðsmyndir

- Hverjar eru mögulegar niðurstöður í viðræðum Bretlands og ESB?
- Hvaða samningaleiðir standa til boða varðandi framtíðarsamband Íslands við Bretland?

3

Er fyrirtaki þitt með starfssíð í Bretlandi?	Áhrif	Stærð og hagsunir þitt
Gengi GPD	?	• Ef starfsemi veita þjónu (veita þjónu) er áhorfið EES. Ef starfsemi veita vörur á markaði EES (þjónu) er áhorfið EES. Ef starfsemi veita vörur á markaði EES (þjónu) er áhorfið EES.
Markaðsgangur	?	• Hagsunir og vöðskipti eru áhorfið EES. Ef starfsemi veita vörur á markaði EES (þjónu) er áhorfið EES. Ef starfsemi veita vörur á markaði EES (þjónu) er áhorfið EES.
Reglverk	?	• Hagsunir og vöðskipti eru áhorfið EES. Ef starfsemi veita vörur á markaði EES (þjónu) er áhorfið EES. Ef starfsemi veita vörur á markaði EES (þjónu) er áhorfið EES.
Vinnsla	?	• Hagsunir og vöðskipti eru áhorfið EES. Ef starfsemi veita vörur á markaði EES (þjónu) er áhorfið EES. Ef starfsemi veita vörur á markaði EES (þjónu) er áhorfið EES.

Hugsanleg áhrif

- Mun áframhaldandi óvissuástand halda gengi breska pundins lágu?
- Mun markaðsaðgangur Íslands að Bretlandsmarkaði haldast óbreyttur, batna eða versna og munu honum fylgja nýjar kvaðir?
- Mun verða áframhaldandi samræming á regluverki?

## Brexit og íslenskt atvinnulíf: Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir íslenskt atvinnulíf enda er Bretland einn mikilvægasti útflutningsmarkaður Íslendinga með um 12% af heildarútflutningi

- Áætlanir gera ráð fyrir að Bretland muni ganga úr Evrópusambandinu **innan tveggja ára** og eru samningarviðræður hafnar um hvernig staðið verður að útgöngu Bretlands úr sambandinu. Vonast er til að fyrsta umferð þeirra viðræðna ljúki á þessu ári og í kjölfarið hefjist jafnframt viðræður um framtíðarsamband Bretlands og ESB.
- Fyrir þingkosningarnar í Bretlandi 8. júní síðastliðinn benti allt til þess að um **skýran aðskilnað** yrði að ræða en líkur á **mýkri nálgun** eru taldar hafa **aukist** í kjölfar niðurstöðu kosninganna, sem þóttu áfall fyrir Íhaldsflokkinn og Theresu May, forsætisráðherra Bretlands, en hún hafði boðað til kosninganna í þeim tilgangi að styrkja umboð sitt í samningaviðræðunum.
- Óljóst er hvort að samningur Bretlands við ESB um framtíðarsamband ríkjanna muni jafnframt ná til **Evrópska efnahagsvæðisins** sem hefur veitt Íslandi aðgengi að innri markaði ESB og þar með Bretlandsmarkaði. Ísland gæti þurft að gera **nýjan samning** við Breta um samskipti ríkjanna til að tryggja gagnkvæma hagsmuni.
- **Samtök atvinnulífsins** hafa þess vegna tekið saman helstu atriði sem máli skipta fyrir íslensk fyrirtæki í þessu samhengi. Íslendingar fluttu út vörur til Bretlands árið 2015 fyrir 73 milljarða króna og til landsins fyrir 35 milljarða króna. Þetta er um 12% af öllu útflutningsverðmæti Íslands og 5% af innflutningi til landsins. Þá var umfang þjónustuviðskipta líka mikið en útflutt þjónusta nam 66 milljörðum króna þetta ár sem var um 11% af heildar þjónustuútflutningi en innflutt þjónusta var um 66 milljarðar króna eða um 18% af heildarinnflutningi.

**Samtök atvinnulífsins** og aðildarsamtök munu fylgjast vel með framgangi Brexit mála í samstarfi við stjórnvöld og í gegnum aðild sína að BusinessEurope, sem eru heildarsamtök evrópsks atvinnulífs, og í samstarfi við bresku systursamtök sín (CBI).



**Brexit póstlisti**

Félagsmönnum SA stendur til boða að skrá sig á Brexit póstlista til að fá allar nýjustu upplýsingar um framgang mála.

Frekari upplýsingar á [www.sa.is](http://www.sa.is)



**Ábendingar**

Félagsmenn eru hvattir til að senda inn ábendingar um hugsanlega áhrifaþætti sem Brexit kann að hafa á rekstur fyrirtækja sinna á netfangið [sa@sa.is](mailto:sa@sa.is)

**BUSINESSEUROPE**



**CBI**  
THE VOICE OF BUSINESS

---

#### Brexit-teymi Samtaka atvinnulífsins

---

Bergþóra Halldórsdóttir  
Verkefnastjóri Evrópumála  
[bergthora@sa.is](mailto:bergthora@sa.is)  
sími: 591-0007

Tryggvi Másson  
Viðskiptafræðingur á efnahagssviði  
[tryggvi@sa.is](mailto:tryggvi@sa.is)  
sími: 591-0083



# Tímaramminn: Gert er ráð fyrir að Bretland muni yfirgefa Evrópusambandið innan tveggja ára



## 1

## Bretland sem markaður fyrir vöru og þjónustu

- Bretland hefur lengi verið eitt helsta viðskiptaland Íslands.
- Ísland er stærsta einstaka viðskiptaland Bretlands með þorsk sem og stórt í innflutningi á öðrum sjávarafurðum til Bretlands.
- Bretar eru einn fjölmennasti hópur ferðamanna á Íslandi.
- Á meðan íslenska krónan hefur styrkst þá hefur sterlingspundið verið að veikjast sem getur haft töluverð áhrif á hagkvæmni viðskipta landanna á milli.


## 2

## Bretland sem viðkomustaður á leið til meginlands Evrópu

- Bretland er ekki eingöngu upphaf og endastöð í viðskiptum heldur er Bretland einnig viðkomustaður fyrir varning á leið milli Íslands og meginlands Evrópu.
- Mikið af sjávarafurðum er flutt frá Íslandi til Bretlands og umtalsverður hluti þeirra áfram til meginlands Evrópu. Þá eru einnig töluvert af vörum framleiddar á meginlandi Evrópu en koma við á Bretlandi áður en leið þeirra liggur til Íslands.

# Miklir viðskiptahagsmunir: Bretland er þriðja stærsta viðskiptaland Íslands

Umfang utanríkisviðskipta: Samanlagður út- og innflutningur á vörum og þjónustu (ma.kr.)



# Útflutningur til Bretlands: Stærstu vöruflokkar Íslendinga reiða að miklu leyti á breskan markað



Útflutningur milljónir kr.



Vægi Bretlands í heildarútflutningi vöruflokks






# Innflutningur frá Bretlandi: Ísland er ekki jafnháð Bretlandi í innflutningi og í útflutningi




## Útflutningur milljónir kr.

Vægi Bretlands í heildarútflutningi vöruflokks



Vægi Bretlands í heildarútflutningi vöruflokks



## Tímalína Brexit: Klukkan er byrjuð að tifa



## Hvar mun Bretland standa eftir Brexit? Tvær megin sviðsmyndir

- Hugtökin *mjúkt* og *hart* Brexit hafa verið notuð til að lýsa hversu nán tengsl Bretlands verða við ESB eftir Brexit, þ.e.a.s. hvort vistaskiptin verði vinsamleg eða hvort um óvinveittan viðskilnað verði að ræða.
- *Mjúk* útganga Bretlands úr ESB myndi leiða til minniháttar breytinga á sambandi Bretlands við ESB, aðallega á sviði frjáls flæðis vinnuafls, á meðan *hörd* útganga gerir ráð fyrir algjörum aðskilnaði, þ.e.a.s. að Bretland verði svokallað „þriðja ríki“ gagnvart ESB.

### Mýkri nálgun

- Bretlandsmarkaður yrði ennþá hluti af innri markað Evrópusambandsins.
- Gagnkvæmur staðfesturéttur fyrirtækja milli Bretlands og ríkja ESB.
- Frjálst flæði fjármagns milli Bretlands og ríkja ESB.
- Frjálst flæði vinnuafls milli Bretlands og ríkja ESB með minniháttar takmörkunum.
- Gagnkvæm viðurkenning á réttindum milli Bretlands og ríkja ESB.
- Bretland myndi áfram þurfa að greiða framlög til fjárlaga ESB.
- Bretland myndi áfram þurfa að taka upp löggjöf ESB.
- Bretland hefði takmörkuð áhrif á stefnu ESB.
- Bretland hefði takmörkuð áhrif á þróun löggjafar ESB.

### Skýr aðskilnaður

- Bretland verður ekki lengur hluti af innri markað Evrópusambandsins.
- Bresk fyrirtæki og breskir þegnar munu ekki lengur njóta ávinnings af fjórfrelsi Evrópska efnahagsvæðisins, þ.e. frjálsum flæði vara, þjónustu, fjármagns og vinnuafls.
- Bretar búsettir innan ESB og þegnar ESB-ríkja búsettir í Bretlandi munu þurfa að sérstakt leyfi til dvalar.
- Bretland mun ekki þurfa að taka upp löggjöf ESB.
- Bretland öðlast fullt frelsi til að mynda eigin stefnu og setja eigin löggjöf um skatta, vinnulöggjöf, fjárfestingar innanlands og eignarhald.
- Bretland mun þurfa að gera fríverslunarsamning við ESB um markaðsaðgang fyrir vörur og þjónustu.
- Bretland mun þurfa að sækja á ný um fullgilda aðild að WTO.

# Valmöguleikar: Hvaða sviðsmyndir Bretar þurfa að vinna úr

Mýkri nálgun  
„soft Brexit“

Vinsamleg  
vistaskipti

Sérstakt  
samband

Skýr  
aðskilnaður

Óvinveittur  
skilnaður


Skýr aðskilnaður  
„hard Brexit“

	Innri markaður ESB	Fjórfrælsi EES	Innleiðing á löggjöf ESB	Samningur við ESB	Annað
Vinsamleg vistaskipti	✓	✓	✓	✓	<ul style="list-style-type: none"> <li>Bretland heldur áfram að vera hluti af innri markaði ESB. Fjórfrælsið heldur að mestu leyti.</li> <li>Bretland þarf að innleiða Evrópureglugerðir og löggjöf áfram.</li> </ul>
Sérstakt samband	✗	✓/✗	✓/✗	✓	<ul style="list-style-type: none"> <li>Bretland yfirgefur innri markað ESB.</li> <li>Bretland mun hafa fullt frælsi til lagasetningar á flestum sviðum.</li> </ul>
Skýr aðskilnaður	✗	✗	✗	✓	<ul style="list-style-type: none"> <li>Bretland yfirgefur innri markað ESB og semur nýjan viðskiptasamning við sambandið.</li> </ul>
Óvinveittur skilnaður	✗	✗	✗	✗	<ul style="list-style-type: none"> <li>Engin samningur milli ESB og Bretlands.</li> <li>Bretland innleiðir verndarstefnu.</li> </ul>

## Sviðsmyndir: Hvaða sviðsmyndir standa Íslendingum til boða?

- Ísland á nú aðgang að innri markað ESB í gegnum EES samninginn. Aðgangur Ísland að Bretlandsmarkaði eftir útgöngu Bretlands úr ESB mun þ.a.l. ráðast af niðurstöðu samningaviðræðna ESB og Breta og hugsanlegt er að nauðsynlegt verði fyrir gera nýjan samning til að tryggja aðgang að Bretlandsmarkaði.





## Gátlisti: Er þitt fyrirtæki með starfstöð í Bretlandi?

### Áhrifaþættir

### Dæmi um hugsanlega áhrif

#### Gengi GBP



- Ef starfsemin veitir þjónustu sem greidd er með pundi eru áhrifin lítil. Ef starfsstöðin selur vörur á annan markað geta breytingar á gengi pundisins valdið vandkvæðum.

#### Markaðsaðgangur



- Þjónustufrelsi- og staðfesturéttur er hluti af EES-samningnum. Víða er mælt fyrir í íslenskum lögum að til að geta stundað tiltekna starfsemi verði fyrirsvarsmaður starfseminnar að vera borgari EES-ríkis. Áframhaldandi starfsemi íslenskra fyrirtækja í Bretlandi yrði því háð breskum reglum.

#### Regluverk



- Á fjölmörgum sviðum gilda samræmdar reglur innan ríkja EES og ef um leyfisskylda starfsemi er að ræða nægir í mörgum tilfellum að hafa leyfi frá einu ríki. Áframhaldandi samræmt regluverk og gagnkvæm viðurkenning á starfsemi íslenskra fyrirtækja í Bretlandi yrði háð breskum reglum.

#### Vinnuafli



- Frjálst flæði vinnuafls gæti heyrt sögunni til eftir Brexit og réttindi erlendra ríkisborgara til að búa og starfa í Bretlandi kunna að verða háð atvinnu- og dvalarleyfi. Þá gætu brottfall regna um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og hæfisskilyrðum að hafa áhrif á starfsréttindi einstaklinga milli ríkja.



## Gátlisti: Selur þitt fyrirtæki vörur og/eða þjónustu til Bretlands?

### Áhrifaþættir

### Dæmi um hugsanlega áhrif

#### Gengi GBP



- Lækkun á gengi breska pundins hefur haft áhrif á verðmæti íslensk útflutnings sem seldur er á breskan markað enda flestir samningar við breska aðila í þeirri mynt.

#### Markaðsaðgangur



- Stór hluti íslensks útflutnings til Bretlands nýtur fríverslunar vegna EES-samningsins. Ísland myndi þurfa að eiga aðild að samningi sem tryggði markaðsaðgang, annars yrði tollur lagður á íslenskan útflutning til Bretlandi. Sala á þjónustu yrði sömuleiðis háð samningum.

#### Regluverk



- Ef Bretland stendur fyrir utan regluverk ESB um t.d. matvælaöryggi gætu matvæli sætt viðbótareftirliti ef flytja á þau til Bretlands. Einnig er hugsanlegt að settar yrðu sérkröfur í Bretlandi um eiginleika vöru eða merkingar.

## Gátlisti: Kaupir þitt fyrirtæki vörur og/eða þjónustu frá Bretlandi?

### Áhrifaþættir

### Dæmi um hugsanlega áhrif

#### Gengi GBP



- Lækkun á gengi pundins hefur haft jákvæð áhrif á verðlag á innfluttum vörum en ákveðin hættu er á sveiflum á gengi pundins.

#### Markaðsaðgangur



- Ísland hefur nýlega felld niður tolla af miklum meirihluta vöruflokka en þó ekki öllum. Tollkvótar sem samið hefur verið um við ESB myndu ekki gilda af vörum frá Bretlandi.

#### Regluverk



- Ísland er háð reglum EES-samningsins um tæknilegar kröfur og staðla framleiðsluvara. Ef vörur framleiddar í Bretlandi verða ekki lengur bundnar sömu skilyrðum kann að vera að þær uppfylli ekki íslenskar kröfur eða verði háðar viðbótareftirliti.

## Gátlisti: Flytur þitt fyrirtæki vörur til eða frá meginlandi Evrópu í gegnum Bretland?

### Áhrifaþættir

### Dæmi um hugsanlega áhrif

#### Gengi GBP



- Meta þarf hvort hagkvæmara er að láta viðskipti fara fram í pundum eða evru en meiri óvissa ríkir um gengi pundsins næstu misseri.

#### Markaðsaðgangur



- Ef Bretland semur ekki um tollfrelsi við bæði Ísland og ESB getur flutningur á vörum í gegnum Bretland fela í sér aukinn kostnað, fyrst við innflutning inn í Bretland og svo aftur við innflutning inn í ESB.

#### Regluverk



- Ef Bretland stendur fyrir utan regluverk ESB um til dæmis matvælaöryggi gætu matvæli sætt viðbótareftirliti ef flytja á þau í gegnum Bretland og svo aftur inn í ESB. Einnig myndi það hafa áhrif á upprunaskráningu afurða.



  @atvinnulifid

**SA**   
SAMTÖK  
ATVINNULÍFSINS